

34. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 22. janúar 2016 kl. 11:10 við Norðurgötu

Mættir: Katrín Freysdóttir foreldrafulltrúi, Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, Hilmar Þór Halldórsson fulltrúi nemenda, Guðmundur Árni Andrússon fulltrúi nemenda, Kristinn Reimarsson fræðslu- frístunda- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir deildastjóri unglingsstígs og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri sem stýrði fundi.

1. **Drög að skólalóðum:** Farið yfir frumdrög að skólalóðum bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Íris Stefánsdóttir tæknifulltrúi Fjallabyggðar óskar eftir skriflegum athugasemdum við drög að skólalóðum skólahúsanna. Á fundinum var talað um að lýsing og snjóbræðsla þyrftu að vera í lagi á skólalóðunum. Spurningamerki var sett við gróður inn á leiksvæði Siglufjarðarmegin.
2. **Ytra mat:** Skólastjóri kynnti ytra mat sem fór fram í október 2015. Farið var yfir glærur frá úttektaraðilum sem komu frá Menntamálastofnun og tóku út skólastarf Grunnskóla Fjallabyggðar. Skólastjóri fór yfir sterka þætti skólans sem og tækifæri til umbóta. Ákveðið var að kynna ytra matið fyrir foreldrum bæði á Siglufirði og Ólafsfirði 3. og 4. febrúar n.k.

Fundi slitið kl. 12:00

Sigurlaug Ragna Guðnadóttir